

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs hf., nr. 254/2003.

#### 1. gr.

Samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs hf., nr. 254/2003, er öðlist gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

#### 2. gr.

4. gr. gjaldskrárinnar breytist og orðist svo:

Hver lítri á mínútu kostar 70.513,76 kr. á ári, án fastagjalds, auðlindaskatts og virðisaukaskatts.

Notendur sem kaupa 4 l/mín, eða minna greiða einnig fastagjald 31.667,26 kr. á ári, auk auðlindaskatts og virðisaukaskatts.

#### 3. gr.

5. gr. gjaldskrárinnar breytist og orðist svo:

Fyrirtæki sem samið hafa um kaup á heitu vatni samkvæmt rennslismæli greiða 228,93 kr. fyrir rúmmetra vatns auk auðlindaskatts og virðisaukaskatts, en greiða þó að lágmarki samkvæmt samningi um fastan lítrafjölda.

#### 4. gr.

6. gr. gjaldskrárinnar breytist og orðist svo:

Stofngjöld fyrir Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs eru sem hér segir.

|    |                  |     |                   |
|----|------------------|-----|-------------------|
| a) | fyrir lögbýli    | kr. | 3.448.564         |
| b) | fyrir íbúðarhús  | kr. | 912.828           |
| c) | fyrir sumarhús   | kr. | 643.437           |
| d) | fyrir aðra aðila | kr. | 228.815 pr. l/mín |

Lágmarksinntak er 2,5 l/mín.

*Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 18. desember 2025.*

F. h. r.

**Steinunn Fjóla Sigurðardóttir.**

---

*Steinar Örn Jónsson.*